

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 12. fundur.

að Hlíðavegi 6, 21. desember 2006, kl. 13:30.

**DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2007, fyrri umræða.
3. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar.
4. Samningur um samstarf í brunavörnum í Pingeyjarsýslum.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund.

**2. Fjárhagsáætlun 2007, fyrri umræða.**

Farið yfir fjárhagsáætlunina og urðu nokkrar umræður. Lögð fram fjárfestingaráætlun upp á kr. 14.000.000,- .

*Minnisblað.*

*Fjárhagsáætlun 2007.*

*Helstu forsendur*

- 1) Útsvar verði 13,03%
- 2) Reikna má með um 6% hækkun rekstrargjalda sem einkum skýrast af hækkun launa og verðlagshækkunum.
- 3) Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar liggur fyrir. Gert ráð fyrir öritilli lækkun gjalda vegna breitinga á starfsemi Héraðsnefndar. *Fjárhagsáætlun Sorpsamlags liggur hins vegar ekki enn fyrir.*

- 4) *Gert er ráð fyrir einhverjum samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.*
- 5) *Tekjur sveitarfélagsins hækkuðu umfram það sem ráð var fyrir gert 2006, sem skýrist að mestu leiti af auknum framlögum frá Jöfnunarsjóði.*
- 6) *Ljóst er að reksturinn stendur í járnnum og lítið má útaf bregða til að lenda öfugumegin við núlli. Hins vegar verður ekki hjá því komist að fara í einhverjar framkvæmdir. Gert er ráð fyrir 5 millj. í endurnýjun á lögnum hitaveitunnar, 5 millj. í sparkvöll, 2 millj. í gatnagerð, 1. millj. til lagfæringa á gæsluvelli og 1. millj. til skipulagsmála.*  
*Gjaldstofnar eru þegar fullnýttir og fylgst verður gjörla með að gjaldskrár fylgi auknum kostnaði vegna viðfangsefna.*

Vísað til seinni umræðu.

### 3. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar.

Fyrir liggur fjárhagsáætlun Héraðsnefndar. Vegna breytinga á fyrirkomulagi nefndarinnar er gert ráð fyrir örlítilli lækkun gjalda.

### 4. Samningur um samstarf í brunavörnum í Þingeyjarsýslum.

Fyrir liggja drög að samningi um samstarf í brunavörnum í Þingeyjarsýslum. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Aðaldælahreppur, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Þingeyjarsveit, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð. Með samningi þessum verður til Samstarfsnefnd um brunavarnir í Þingeyjarsýslum.

*Helstu verkefni Samstarfsnefndar og starfsmanns hennar eru eftirfarandi:*

- 1) *sameiginlegt eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna,*
- 2) *öflun og endurnýjun búnaðar til sameiginlegra nota, sérstaklega búnað vegna mengunarslysavíðbragðs,*
- 3) *sameiginlegt skipulag menntunar og hjálfunar slökkviliðsmanna,*
- 4) *sameiginlegt skipulag á fræðslu til almennings og fyrirtækja,*
- 5) *skipulag og framkvæmd gagnkvæmrar aðstoðar og aðstoð annarra aðila,*
- 6) *endurbót á bjarskiptamálum,*
- 7) *gerð sameiginlegrar brunavarnaáætlunar fyrir öll sveitarfélögin,*
- 8) *yfirferð á vatnsöflun í sveitarfélögum.*
- 9) *efling á núverandi starfsemi slökkviliðanna á hverjum stað.*

*Helsta verkefni starfsmanns Samstarfsnefndar um brunavarnir í Þingeyjarsýslum verður að sinna eldvarnaeftirliti á svæði sveitarfélaganna.*

Eftir sem áður þá er ráð fyrir gert að hvert sveitarfélaganna reki áfram sitt slökkvilið og skipi slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra.

Sveitarstjórn samþykkir drögin eins og þau liggja fyrir.

Fleira ekki gert.  
 Fundi slitið.  
 Margrét Hólm Valsdóttir,  
 Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
 Kristján Stefánsson,  
 Dagbjört Bjarnadóttir,  
 Böðvar Pétusson.